

REGLUGERÐ

um innlenda tollvörugerð.

Samkvæmt lögum nr. 50, 31. maí 1927, og lögum nr. 70, 28. desember 1934, um breyting á þeim lögum, er hér með sett eftirfarandi reglugerð um innlenda tollvörugerð.

1. gr.

Hver sá, sem reka vill vindla- og vindlingagerð, tilbúning á brjóstsykri, konfekt, karamellum, súkkulaði, kaffibæti, óáfengum vínunum, ávaxtasafa, öli, sóðavatni, límonaði eða öðrum samskonar drykkjum, sem ætlaðir eru óblandaðir til drykkjar, til sölu, skal leysa leyfisbréf hjá lögreglustjóra þar sem atvinnan er rekin. Fyrir leyfisbréfið skal gjalda 100 kr., sem renna til hlutaðeigandi bæjar-sjóðs eða sveitarsjóðs. Ákvæði þetta nær einnig til þeirra, sem nú reka tilbúning á framangreindum tollvörutegundum. Þeir, sem leyst hafa leyfisbréf samkvæmt reglugerð 8. janúar 1920, um innlenda vindlagerð og tilbúning á konfekt og brjóstsykri, eða samkvæmt reglugerð 22. júlí 1927, um innlenda tollvörugerð, skal þó heimilt að halda framleiðslu sinni áfram án þess að leysa nýtt leyfi, enda gildi leyfisbréfið fyrir aðrar framangreindar tollvörutegundir.

2. gr.

Fyrir hvert kg. af tóbaksvindlum eða vindlingum, sem eru tilbúnir hér á landi, skal greiða í rikissjóð gjald, er nemi helmingi af aðflutningsgjaldi af vindlum og vindlingum eftir tollögum þeim, sem í hvert sinn gilda. Með vindlingum skal greiða gjald af umbúðum þeim, pappír, öskjum eða dósunum, sem þeir eru seldir í.

Fyrir hvert kg. af brjóstsykri, konfekt, karamellum og súkkulaði greiðist hálf aðflutningsgjald.

Fyrir hvert kg. af kaffibæti greiðist einn þriðji hluti aðflutningsgjalds.

Af hverjum lítra af óáfengum vínunum greiðist hálf aðflutningsgjald.

Af hverjum lítra af ávaxtasafa, öli, öðru en maltöli, sóðavatni, límonaði og öðrum samskonar drykkjum, sem ætlaðir eru óblandaðir til drykkjar, einn þriðji hluti aðflutningsgjalds.

Af hverjum lítra af maltöli greiðist einn sjötti hluti aðflutningsgjalds.

3. gr.

Húsrúmi vörugerðarinnar sé þannig háttað, að hráefnin séu á einum stað, ef ekki þarf að óttast skemmdir á þeim vegna þess, og þannig, að auðvelt sé á hverjum tíma að kanna þau.

Eins skal hagað geymslu á hinum unnu framleiðsluvörum. Ef til innsigliunar kemur af hálfu gjaldheimtumanns á þeim vörum, verður að vera til sérstakt húsrúm til þess, fullnægjandi að hans dómi.

Húsnæði vörugerðarinnar verður á hverjum tíma að fullnægja kröfum hlutaðeigandi heilbrigðisstjórnarvalda.

9
22. jan.

4. gr.

Vindla- og vindlingagerðarmenn mega ekki selja vindla né vindlinga öðruvísi en í kössum, dósnum eða öskjum, sem lokuð séu á venjulegan hátt, og skal letrað utan á vindlakassana nettó þungi vörunnar, en á vindlingaumbúðirnar brúttó þungi.

Sé brjóstsykur, konfekt, karamellur eða súkkulaði selt í blikk-, tré-, pappa- eða pappírsumbúðum, skal nettóþungi tilgreindur á umbúðunum, hann skal og tilgreindur á kaffibætisumbúðunum, úr hverju sem þær eru.

Á miðum þeim, sem límdir eru á flöskur með öli, óáfengum vínnum, ávaxta-safa, sódavatni, limonaði og öðrum samskonar drykkjum, skal lítratal eða hve flaskan tekur mikinn hluta úr lítra nákvæmlega tilgreint með skírum stöfum, nema það sé tilgreint með upphleyptum stöfum á ílátinu.

5. gr.

Framleiðendur vörutegunda þeirra, sem ræðir um í reglugerð þessari, skulu halda dagbók um framleiðslu, sölu og afhending varanna.

Í dagbók þessa skal færa daglega, hvað og hversu mikið er framleitt af hverri vörutegund og hve mikið er selt eða látið af hendi af þeim. Í dagbók þessa skal ennfremur skrá öll hráefni jafnótt og þau eru keypt eða aðfengin til vörugerðarinnar, þar skal og skrá daglega hve mikið er notað af hráefnunum, hverju fyrir sig, til dagsframleiðslunnar. Ennfremur skal vörugerðarmaður skyldur að skrá allar þær framleiðsluvörur, sem hann selur eða lætur af hendi, í tvíritunarbækur, jafnótt og sala eða afhending fer fram. Gjaldheimtumaður hefir rétt til, hvenær sem hann vill, að rannsaka bækur þessar og bera saman við aðrar bækur vörugerðarmanns, svo og rannsaka birgðir þær, bæði af hráefnum og unnum vörum, sem fyrir hendi eru á hverjum tíma.

Framangreind dagbók skal vera gegnumdregin og löggilt af lögreglustjóra, í Reykjavík af tollstjóra, og hafa þeir heimild til að kveða frekara á um form og færslu dagbókar þessarar.

6. gr.

Vörugerðarmaður skal greiða tollvörugjaldið til hlutaðeigandi gjaldheimtumanns rikissjóðs áður en varan er látin burt frá honum, seld eða send í umboðssölu. Gjaldheimtumenn eru hlutaðeigandi lögreglustjóri, en í Reykjavík tollstjóri. Heimilt er gjaldheimtumanni þó að veita greiðslufrest á gjaldinu, ef hann telur ekkert sérstaklegt því til fyrirstöðu, þó aldrei lengur en svo að allt áfallið gjald sé að fullu greitt við lok hvers mánaðar.

Nú er gjaldfrestur veittur, og skal þá vörugerðarmaður afhenda gjaldheimtumanni við lok hvers tímabils, sem honum hefir verið veittur gjaldfrestur um, skýrslu með árituðu drengskaparvottorði sínu, er greini hve miklar birgðir af gjaldskyldum vörutegundum hafi verið í vörzlum vörugerðarmanns við byrj-

9
22. jan. un gjaldfreststímabilsins, hverjar og hve miklar vörur hafi verið framleiddar á gjaldfreststímabilinu, hverjar og hve miklar vörur hafi verið seldar eða afhentar á gjaldfreststímabilinu, og hversu miklar birgðir séu í vörzlum hans í lok gjaldfreststímabilsins.

Hafi vörugerðarmaður ekki afhent gjaldheimtumanni framangreinda skýrslu innan 3ja daga frá lokum gjaldfreststímabilsins, varðar það vörugerðarmann sektum samkvæmt 8. gr. hér á eftir, og auk þess má gjaldheimtumaður leggja 10 kr. dagsektir við, að skýrslan sé í té látin. Sömu viðurlögum varðar það, ef að vörugerðarmaður hefir ekki innan 7 daga frá lokum gjaldfreststímabilsins greitt gjaldheimtumanni allt tollvörugjald, áfallið á gjaldfreststímabilinu, og auk þess getur gjaldheimtumaður þá bannað vörugerðarmanni alla framleiðslu, sölu og afhending á öllum innlendum tollvörum og látið lögregluna loka verkstofu og útsölu vörugerðarmanns og framfylgja banninu að öllu leyti unz full skil eru gerð fyrir gjaldinu.

7. gr.

Heimilt er gjaldheimtumanni hvenær sem er að setja allar framleiddar, gjaldskyldar vörur vörugerðarmanns í tollgeymslu undir innsigli sitt jafnótt og þær eru framleiddar, ef hann telur þess þörf til tryggingar skilvisri greiðslu á tollvörugjaldinu. Ber vörugerðarmanni þá að leggja til hæfilegt tollgeymslurúm fyrir vöruna á sinn kostnað.

8. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum samkvæmt 7. gr. laga nr. 50, 31. maí 1927, og auk þess, ef um er að ræða ítrekuð brot eða van-skil á greiðslu tollvörugjalds, missi leyfisbréfs til tollvörugerðar um ákveðið tímabil eða fyrir fullt og allt.

Um mál út af brotum fer sem um almenn lögreglumál.

9. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og fellur þá reglugerð nr. 56, 22. júlí 1927, úr gildi.

Fjármálaráðuneytið, 22. janúar 1935.

Eysteinn Jónsson.

Torfi Jóhannsson.